

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála
Stjórnmálafræðideild
Háskóla Íslands

Yfirlit yfir helstu verkefni
sjöunda starfsárs 2009

Efnisyfirlit

1.	Frá formanni stjórnar Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála.....	3
2.	Inngangur	4
2.1	Samstarfsaðilar, samstarfssamningar, rekstrargrundvöllur	4
2.2	Stjórn og forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála	4
3.	Stefna, áherslur og helstu verkefni í starfi ársins 2009	5
3.1	Nýtt áherslusvið: Rannsóknaborð í stjórnsýslu- og stjórn málafræðum	5
	Lýðræðiskerfi sveitarfélaga, félagsauður og félagsvirkni, 2008 – 2010	6
	Stjórnun og starfsumhverfi ríkisstofnana 2006-2008, kynning niðurstaða og eftirfylgni	6
3.2	Opnir fyrirlestrar og málþing árið 2009	6
3.3	Samstarf við forsætisráðuneytið, Félag forstöðumanna ríkisstofnana og Lagastofnun HÍ um fræðslu um lög er varða stjórnsýsluna	7
3.4	Þróun og efling meistara- og diplómanáms í opinberri stjórnsýslu á árinu 2009.....	7
	Sérniðið diplómanám fyrir núverandi og verðandi stjórnendur í opinberum rekstri	8
3.5.	Vefritið Stjórn mála og stjórnsýsla; www.stjornmalogstjornsysla.is	8
	Ritstjórn	9
3.6	Félag stjórnsýslufræðinga	9
3.7	Erlent samstarf á árinu 2009	10
	Norrænt samstarfsnet <i>NORIA-net</i> , um eflingu rannsókna á rafrænni stjórnsýslu: <i>The Citizens' Services - Turning public-private outside-in</i> , 2007-2009	10
	Ráðstefnur alþjóðlegra samtaka stjórn málafræðinga á Íslandi árin 2006 og 2011	10
	Evrópskir og norrænir stjórnsýsluskólar	11
3.8.	Verkefni fyrir stjórn málafræðideild	11
4.	Fjármögnun starfsemi Stofnunar stjórn málafræða og stjórn mála.....	11
	Viðauki I. Yfirlit yfir opna fyrirlestra og málþing ársins 2009	12
	Viðauki II. Yfirlit yfir endurmenntunarnámskeið og fræðslufundi ársins 2009	16
	Viðauki III. Greinar í vef tímaritinu Stjórn mála og stjórnsýsla 2009.....	18

Meginmarkmið Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála er að efla kennslu og rannsóknir í stjórnun opinberra stofnana, bæði ríkis og sveitarfélaga. Stofnuninni er enn fremur ætlað að vera vettvangur umræðna um stjórn mála, stefnumörkun og stjórnun í opinberum rekstri, þar á meðal um hlutverk fjölmiðla og hagsmunahópa í opinberri stefnumörkun.

1. Frá formanni stjórnar Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála

Í eftirfarandi yfirliti yfir starfsemi Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála kemur glögglega fram hversu vel stofnunin hefur festst í sessi þau sjö ár sem hún hefur starfað. Fjárhagsafkoma er góð sem fyrr, en stofnunin reidi sig alfarið á sjálfsaflafé utan þess mikilvæga grunnframlags sem hún fær frá Reykjavíkurborg, sem voru 2.5 milljónir á árinu 2009. Meistaránám í opinberri stjórnsýslu, sem stofnunin hefur átt drjúgan þátt í að byggja upp er sem fyrr vel sótt og haldið er áfram að þróa námsframboðið með sérhæfðum diplómálínum eins og fram kemur á bls. 7. Sá umræðu- og fræðsluvettvangur sem stofnunin starfrækir í samstarfi við fjölda aðila er fjölsóttur, en fram kemur að alls sóttu á þriðja þúsund manns málþing, opna fyrirlestra og endurmenntunarnámskeið á árinu.

Á næsta ári eru áform um að styrkja framlag stofnunarinnar til rannsókna á sviði stjórn mála- og stjórnsýslufræða. Fyrir utan þátttöku í tveimur stórum rannsóknaverkefnum kennara stjórn málafræðideildar hefur megin framlag stofnunarinnar verið vefritið *Stjórn mála og stjórnsýsla*. Það hefur stöðugt vaxið að umfangi og útbreiðslu og árið 2009 voru greinar fleiri og fjölbreyttari en nokkru sinni eins og sjá má í Viðauka III. Stuðningur og framlag stofnunarinnar til rannsókna verður nú eflður með stofnun svonefnds *Rannsóknaborðs í stjórn mála- og stjórnsýslufræðum*. Kennarar stjórn málafræðideildar verða þar í lykilhlutverkum, en eftir sem áður yrði leitað eftir nánú samstarfi við samstarfsaðila í þjóðlífinu, auk þess sem doktorsnemar deildarinnar eiga þar aðild. Þjónusta og utanumhald um *Rannsóknaborðið* verður á næstu árum eitt meginverkefna stofnunarinnar. Í því mun felast að sinna rannsóknum og aðstoða við rannsóknir kennara stjórn málafræðideildar, þar á meðal aðstoð við umsóknir og fjármál rannsókna, aðstöðu, aðferðafræði og framkvæmd. Með sömu formerkjum mun stofnunin sjá um kynningu rannsókna og niðurstaðna rannsókna stjórn málafræðideildar, meðal annars með útgáfu, fundum og ráðstefnum.

Leitast verður við, eftir því sem kostur er að þau rannsóknaverkefni sem stofnunin á framkvæði að séu hagnýt fyrir íslenska stjórnsýslu og stjórn mála. Er það von stjórnar stofnunarinnar að þetta nýja áherslusvið í hennar starfsemi verði faglegri og fræðilegri þróun í greininni til framdráttar.

Það er með hjartsýni á grundvelli reynslu sl. sjö ára, sem stofnunin horfir fram á veginn, um leið og hún þakkar þeim fjölmörgu sem leggja henni lið.

Dr. Gunnar Helgi Kristinsson prófessor,
formaður stjórnar Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála

2. Inngangur

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála var sett á stofn á grundvelli samþykktar félagsvísindadeildar Háskóla Íslands frá 27. maí, 2002. Starfsemin hófst í árslok 2002 og var árið 2009 því sjöunda starfsár stofnunarinnar.

Stofnunin starfar á vegum stjórn málafræðideildar, sem tilheyrir félagsvísindasviði Háskóla Íslands, samkvæmt nýju skipulagi. Í reglum sem samþykktar voru í þáverandi félagsvísindadeild segir í 1. grein:

"Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands. Stofnunin er vettvangur samstarfs Háskóla Íslands við opinbera aðila um eflingu náms og rannsókna um stjórnun opinberra stofnana, bæði ríkis og sveitarfélaga og vettvangur umræðna um stjórn mála og stjórnsýslu."

Á grunni þessarar greinar byggir starf stofnunarinnar, þ.e. sú viðleitni að byggja stjórnsýslufræði upp sem fag- og fræðigrein í íslensku samfélagi í samstarfi við sem flesta hagsmuna- og áhugaaðila utan Háskóla Íslands.

2.1 Samstarfsaðilar, samstarfssamningar, rekstrargrundvöllur

Frá upphafi hefur stofnunin lagt áherslu á hafa samstarf við sem flesta er láta sig umbætur, þróun, nýsköpun, fræðslu og rannsóknir á opinberri stjórnsýslu varða. Stofnunin er formlega rekin í samstarfi við Reykjavíkurborg, auk þess sem hún hefur viðtækt samstarf við fyrirtæki, stofnanir og samtök, innlend sem erlend, eftir því sem tilefni gefast. Stofnunin er samstarfsvettvangur kennara í stjórnsýslu- og stjórn málafræðum og í gegnum hana eru þeir í samstarfi við fjölmarga aðila utan HÍ, svo sem embætti umboðsmanns Alþingis, Ríkisendurskoðun, ráðuneyti, Félag forstöðumanna ríkisstofnana, Samband íslenskra sveitarfélaga, erlend sendiráð svo og ýmsar opinberar stofnanir og ráðgjafarfyrirtæki sem vinna með opinberum aðilum.

Í upphafi var leitað til Reykjavíkurborgar og Landspítala háskólasjúkrahúss um samstarf og voru gerðir samningar til þriggja ára þar að lútandi á árinu 2002. Þeir samningar runnu út í árslok 2005, en voru endurnýjaðir til þriggja og fimm ára. Samningurinn við Reykjavíkurborg rennur út í árslok 2010, en samningurinn við LSH rann út í árslok 2008. Rektor Háskóla Íslands lagði fyrstu árin eða til og með árinu 2008, stofnuninni til árlega eina milljón króna í rekstur. Framlag stjórn málafræðideildar er húsnæði og rekstur því tengdur, auk þess sem HÍ annast alla bókhalds- og uppgjörsvinnu. Ljóst er af framansögðu að stofnunin varð á árinu 2009 að afla meira fjár en áður, til rekstrarkostnaðar, en hún er rekin af sjálfsaflafé.

2.2 Stjórn og forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála

Í stjórn stofnunarinnar sátu á árinu 2009; Gunnar Helgi Kristinsson prófessor, formaður, aðrir stjórnarmenn voru Ómar H. Kristmundsson dósent, Magnús Pétursson ríkissáttasemjari, Ólafur Þ. Harðarson prófessor, Trausti Fannar Valsson lektor og Helga Jónsdóttir bæjarstjóri Fjarðabyggðar, en hún var tilnefnd af Reykjavíkurborg og sat í stjórn til og með septembermánuði 2009, en þá var tilnefndur nýr fulltrúi borgarinnar Regína Ásvaldsdóttir skrifstofustjóri á skrifstofu borgarstjóra.

Forstöðumaður er Margrét S. Björnsdóttir þjóðfélagsfræðingur og MPA. Stofnunin hefur aðsetur og starfsaðstöðu í húsnæði félagsvísindasviðs í Odda, v/Sturlugötu. Aðrir starfsmenn eru ráðnir til tímabundinna verkefna eftir því sem tilefni gefast.

3. Stefna, áherslur og helstu verkefni í starfi ársins 2009

Þær megin áherslur sem lagðar voru í upphafi fyrir starfsemi Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála hafa ekki breyst í grundvallaratriðum, en þær voru skilgreindar svo:

”Efla framhaldsnám, hagnýt námskeið, rannsóknir og þróunarverkefni á sviði stjórnsýslufræða og stjórn málafræði, m.a. með því að leita samstarfs við hagsmuna- og fagaðila innanlands og erlendis. Stuðla að þverfaglegri samvinnu innan Háskóla Íslands á sviði stjórnsýslu og stjórn mála og stuðla að alþjóðlegri samvinnu og samstarfsverkefnum.”

Ljóst var frá upphafi að starf stofnunarinnar myndi einkum byggja á samstarfi við kennara stjórn málafræðideildar, samstarfsaðila um stofnunina, kennara lagadeildar á sviði stjórnsýslu, auk samstarfsaðila og bandamanna utan Háskóla Íslands. Því var mótuð sú stefna að leita í sem flestum verkefnum eftir samstarfsaðilum meðal þeirra sem eiga hagsmuna að gæta varðandi uppbyggingu fræðslu, rannsókna og þróunar íslenskrar stjórnsýslu og stjórn mála. Í því sem talið er upp hér á eftir hefur stofnunin notið fjárstuðnings fjölda stofnana, vinnuframlags einstaklinga, auk beins og óbeins stuðnings þeirra aðila sem standa að stofnuninni. Ljóst má vera að án þess væri þetta umtalsverða umfang starfseminnar ekki mögulegt.

Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu verkefni Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála á árinu 2009 en auk þeirra var unninn fjöldi smærri verkefna.

3.1 Nýtt áherslusvið: Rannsóknaborð í stjórnsýslu- og stjórn málafræðum

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála hefur á þeim sex árum sem hún hefur starfað náð mikilvægum árangri í stuðningi við þróun framhaldsnáms stjórn málafræðideildar í opinberri stjórnsýslu, byggt upp öflugan vettvang umræðu um stjórnsýsluleg málefni og mynduð hafa verið varanleg tengsl við fjölda samstarfsaðila utan HÍ á sviði opinberrar stjórnsýslu. Þessir þættir eru í góðum farvegi og má því segja að stofnunin standi á tímamótum hvað þróun framtíðarverkefna og nýrra áherslusviða varðar.

Eitt þeirra sviða sem stofnunin hefur sinnt í samstarfi við kennara stjórn málafræðideildar er aðstoð við fjáröflun, þróun og kynningu rannsóknarverkefna. Þar bera hæst tvö stór rannsóknaverkefni: *Stjórnun og starfsumhverfi ríkisstofnana 2006-2008* og *Íbúalýðræði: Félagsauður og lýðræðiskerfi sveitarfélaga 2007-2010*. Bæði verkefnin voru og eru unnin í samstarfi við aðila utan HÍ.

Stjórn stofnunarinnar samþykkti í september 2009 að þessi rannsóknabáttur verði frá og með árinu 2010 þróaður og styrktur enn frekar innan stofnunarinnar með stofnun svo nefnds *Rannsóknaborðs í stjórn mála- og stjórnsýslufræðum*. Kennarar stjórn málafræðideildar yrðu þar í lykilhlutverkum, en eftir sem áður yrði leitað eftir nánu samstarfi við samstarfsaðila í þjóðlífínu, auk þess sem doktorsnemar deildarinnar ættu þar aðild. Þjónusta og ut anumhald við *Rannsóknaborðið* yrði eitt meginverkefna stofnunarinnar. Í því fælist að sinna rannsóknum og aðstoð við rannsóknir kennara stjórn málafræðideildar, þar á meðal aðstoð við umsóknir og fjármál rannsókna, aðstöðu, aðferðafræði og framkvæmd. Með sömu formerkjum sér stofnunin um kynningu rannsókna og niðurstaðna rannsókna stjórn málafræðideildar, meðal annars með útgáfu, fundum og ráðstefnum. Leitast verði við eftir því sem kostur er að þau rannsóknaverkefni sem stofnunin á frumkvæði að séu hagnýt fyrir íslenska stjórnsýslu og stjórn mála.

Eins og fyrr var getið eru rannsóknar- og þróunarverkefni stofnunarinnar fyrst og fremst unnin með kennurum stjórn málafræðideildar á viðkomandi sviði. Aðalkennarar stjórn málafræðideildar á sviði stjórnsýslufræða eru sem stendur þeir Gunnar Helgi Kristinsson prófessor og Ómar H. Kristmundsson dósent. Þeir hafa stýrt framangreindum tveimur stóru rannsóknarverkefnum, sem bæði eru afar umfangsmikil og taka til grundvallar þátta hins opinbera þ.e. stjórnunar- og starfsumhverfis ríkisstofnana annars vegar, lýðræðisforma og félagsauðs í sveitarfélögum hins vegar. Þessum verkefnum er lýst í nokkrum orðum hér á eftir.

Lýðræðiskerfi sveitarfélaga, félagsauður og félagsvirkni, 2008 – 2010

Þetta verkefni var sett af stað í tilefni af fimm ára starfsafmæli stofnunarinnar í árslok 2007. Um er að ræða þriggja ára rannsóknar- og þróunarverkefni í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, með styrkjum frá Orkusjóði OR, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Rannís, HÍ og Landsbankanum. Í rannsókninni, sem nær til 22 stærstu sveitarfélaga landsins þar sem 89% landsmanna búa, er í fyrsta skipti tekin saman reynsla íslenskra sveitarfélaga af íbúalýðræði bæði almennt, en einkum á sviði umhverfis- og skipulagsmála. Lærdómar verða dregin af reynslunni sem geta stuðlað að markvissari aðferðafræði sveitarfélaganna við samráð við íbúana í framtíðinni, bæði á þessum sviðum og öðrum. Ennfremur er lagt mat á traust og félagsauð í þessum sveitarfélögum, mat sem getur orðið gagnlegt veganesti í stefnumörkun þeirra.

Á árinu 2008-9 veitti Gunnar Helgi Kristinsson Reykjavíkurborg umtalsverða ráðgjöf þegar íbúum borgarinnar gafst kostur á að greiða atkvæði um forgangsröðun umbótaverkefna í þeirra hverfi. Ennfremur vann hann samantekt fyrir lýðræðisnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga um íbúalýðræði.

Í tengslum við rannsóknina eru reglulega haldin málþing og opnir fundir um lýðræði og ný form þess, félagsauð ofl., auk þess sem birst hafa fræðigreinar í vefritinu *Stjórnsmál og stjórnsýsla*. Stjórnandi rannsóknarinnar er Gunnar Helgi Kristinsson prófessor, en Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir var starfsmaður verkefnisins.

Stjórnun og starfsumhverfi ríkisstofnana 2006-2008, kynning niðurstaða og eftirfylgni

Á árunum 2006-07 fór fram umfangsmikil rannsókn Ómars H. Kristmundssonar dósentis á stjórnun og starfsumhverfi ríkisstofnana. Rannsóknin var samvinnuverkefni Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnsmála, fjármálaráðuneytis og ParX, viðskiptaráðgjafar IBM. Rannsóknin beindist að stjórnun ríkisstofnana, þar á meðal mannauðs- og fjármálastjórnun, launaákvörðunum og samskiptum stofnana við ráðuneyti. Einnig náði hún til upplýsingamiðlunar innan stofnana, vinnubragða, samskipta og starfsánægju og þjónustu stofnana. Alls tóku 144 stofnanir þátt í rannsókninni og um 10 þúsund ríkisstarfsmenn.

Í tengslum við rannsóknina var samin og gefin út á vegum Stofnunarinnar *Handbók um stjórnunarmat*, sem er tæki fyrir stofnanir til eftirfylgni á rannsókninni innan viðkomandi stofnunar. Hún nýtist einnig sem sjálfstætt upphaf slíks mats. Með henni fá stofnanir spurningalista og leiðbeiningar um fyrirlið og eftirfylgni stjórnunarmatsins. Handbókin er aðgengileg á netinu, en einnig heldur Stofnun stjórnsýslufræða árlega námskeið, þar sem farið er yfir hvernig hana má nota innan stofnana.

3.2 Opnir fyrirlestrar og málþing árið 2009

Liður í því að byggja stjórnsýslufræði upp sem fag- og fræðigrein hefur frá upphafi verið að skapa vettvang umræðu og fræðslu um viðfangsefni stjórnsýslu og stjórnsmála fyrir fag- og áhugafólk um stjórnsýslu og stjórnsmál.

Á starfstíma stofnunarinnar hefur þannig verið haldin árlega mikill fjöldi opinna fyrirlestra, málþinga og námskeiða. Hefur það gerst í samstarfi við fjölda aðila ss. Reykjavíkurborg, Landspítala, Félag forstöðumanna ríkisstofnana, dómsmála-, forsætis-, fjármála-, félagsmála- og utanríkisráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga, Akureyrarbæ og Reykjanesbæ. Ríkiskaup, Rannís, Iðntækni stofnun, Endurmenntun HÍ og HA, ráðgjafafyrirtækin Capacent, ParX og Þekkingarmiðlun. Ennfremur sendiráð Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar, Bandaríkjanna og Kanada svo og ýmis félög, félagasamtök og fyrirtæki s.s. Félög stjórnsýslufræðinga, sagnfræðinga og stjórnsmálafræðinga, Bládamannafélag Íslands, Skýrslutækni félagið, Samtökin Heimssýn, Evrópusamtökin, Samtök um vestræna samvinnu og Varðberg, Samtök atvinnulífsins, ASÍ, Alþjóðahúsið og Morgunblaðið. Ennfremur aðrar stofnanir, starfsnefndir og stjórnsýslusvið innan Háskóla Íslands. ofl. Fjöldi erlendra fyrirlesara hefur tekið þátt, auk innlendra fag- og fræðimanna.

Viðfangsefnin hafa verið fjölbreytt en á árinu 2009 fjölluðu málþing og opnir fyrirlestrar ma. um stjórnun og starfsmannamál hins opinbera, ennfremur um ný lýðræðisform, samfélagsleg gildi, lagaramma opinberrar starfsemi, framkvæmd upplýsingalaga og orsakir hruns fjármálakerfisins 2008. Ennfremur um alþjóðamál og fjölþjóðlegar

stofnanir. Námskeiðin sem haldin voru sneru ma. að stjórnun og mat á skilvirkni í opinberum rekstri, meðferð mála í stjórnarsýslunni og þau lög sem um málsmeðferðina fjalla.

Á árinu 2009 voru haldnir 30 slíkir opnir viðburðir og sóttu þá alls um 2300 manns. Listi er yfir viðburðina í viðauka I.

3.3 Samstarf við forsætisráðuneytið, Félag forstöðumanna ríkisstofnana og Lagastofnun HÍ um fræðslu um lög er varða stjórnarsýsluna

Fyrir frumkvæði umboðsmanns Alþingis hefur Stofnun stjórnarsýslufræða staðið árlega fyrir vönduðum námskeiðum fyrir starfsfólk stjórnarsýslu ríkis og sveitarfélaga á ofangreindum sviðum. Náðst hefur mjög gott samstarf við hans embætti, forsætisráðuneyti, Lagastofnun HÍ og Félag forstöðumanna ríkisstofnana um verkefni. Námskeiðin hafa ávallt verið vel sótt. Á árinu 2009 var um að ræða fjögur námskeið sem um 180 starfsmenn stjórnarsýslu ríkis og sveitarfélaga sóttu.

Á árinu 2009 var þannig í sjötta skipti haldið sex vikna ítarlegt námskeið um *Stjórnarsýslurétt*. Haldið var fjórða og síðasta námskeiðið í námskeiðaröðinni *Stjórnarsýslureglur – Náum betri árangri og aukum gæði stjórnarsýslunnar: Stjórnarsýslueftirlit – Endurskoðun stjórnvaldsákvarðana – Upplýsingalög*. Ennfremur námskeiðið *Upplýsingaréttur almennings: Framkvæmd og túlkun upplýsingalaga nr. 50/1996*. Og loks námskeiðið *Rafræn meðferð stjórnarsýslumála - meðferð persónuupplýsinga og aðrar gildirur*.

Kennarar á námskeiðunum voru okkar fremstu lögfræðingar á þessu sviði þeir Páll Hreinsson, hæstaréttardómari og fv. prófessor, Róbert Spanó, prófessor, Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, Trausti Fannar Valsson, lektor við HÍ og Kjartan Bjarni Björgvinsson, cand.jur. aðstoðarmaður dómara við EFTA-dómstólinn í Lúxemborg, Páll Þórhallsson lögfræðingur í forsætisráðuneyti og Þórður Sveinsson, lögfræðingur hjá Persónuvernd.

Sjá nánar í viðauka II.

3.4 Þróun og efling meistara- og diplómanáms í opinberri stjórnarsýslu á árinu 2009

Frá upphafi hefur eitt meginverkefna stofnunarinnar verið að styðja við, efla og þróa meistaranám í opinberri stjórnarsýslu. Hefur nemendafjöldi margfaldast á tímabilinu og eru nú að jafnaði um 200 manns sem stunda námið. Nemendurnir hafa margir mikla starfsreynslu, koma af flestum fagsviðum hins opinbera, úr ráðuneytum, stofnunum og skólum, sveitarfélögum og þeirra undirstofnunum, úr félags- og stjórnárum, frá sjálfboðasamtökum og aðilum sem starfa í tengslum við ríki og sveitarfélög. Þeir eru forstöðumenn stofnana, millistjórnendur og sérfræðingar. Á hverju ári er einnig nokkur hópur sem kemur í námið beint að loknu grunnnámi.

Auk stuðnings við þróun námsins hefur stofnunin séð um margvísleg verkefni tengd náminu; námsráðgjöf og aðstoð við nemendur og margháttadar samkomur til að styrkja tengsl milli þeirra, aðstoð við kennara, við kynningar og gerð bæklinga um námið. Sérstaklega ber þó að nefna fjarnám í opinberri stjórnarsýslu, en Stofnun stjórnarsýslufræða hefur alfarið séð um þennan þátt í samstarfi við kennara námsins og Kennslumiðstöð Háskóla Íslands. Um 40 nemendur víðs vegar um landið og sumir erlendis, stunda nú námið í fjarnámi.


Sérstíð diplómanám fyrir núverandi og verðandi stjórnendur í opinberum rekstri



Kynningarbæklingur um Diplóma í opinberri stjórnsýslu fyrir stjórnendur í opinberum rekstri.

Í flestum löndum sem við berum okkur saman við eru starfandi sérstakir stjórnsýsluskólar á vegum hins opinbera. Svo er ekki hér, en eins og að ofan greinir sækja margir stjórnendur hins opinbera sér viðbótarmenntun í meistara- og diplómanámi stjórn málafræðideildar. Á árinu 2009 var gerður samstarfssamningur milli fjármálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Félags forstöðumanna ríkisstofnana og stjórn málafræðideildar Háskóla Íslands um þróun sérstíðs diplómanáms á vegum stjórn málafræðideildar, fyrir núverandi og verðandi stjórnendur hins opinbera. Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála hafði um þetta forgöngu og mun fylgja eftir framkvæmd samstarfssamningsins. Námið hófst haustið 2009 og er hluti af meistaranámsframboði stjórn málafræðideildar, lýtur þeim inntökuskilyrðum og námskröfum sem þar eru gerðar og endar með Diplóma skírteini. Kjósi nemendur að halda áfram námi og ljúka meistaraáráðu MPA, fá þeir diplómanámið að fullu metið. Þátttakendur voru fyrsta árið um 30 talsins, en hægt er að hefja námið hvort sem er að hausti eða um áramót.

3.5 Vefritið Stjórn mála og stjórnsýsla; www.stjornmalogstjornsysla.is



Eitt af hlutverkum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála er að að stuðla að rannsóknum og faglegri, sem fræðilegri umræðu um íslenska stjórnsýslu og stjórn mála. Lengi hafði vantað vettvang á Íslandi til að birta fræðilegt efni um stjórn mála og stjórnsýslu. Stofnunin ákvað því á árinu 2005 að stofna slíkan vettvang með vef tímariti. Megin tilgangur tímaritsins er að gefa út og gera öllum aðgengilegt fræðilegt og faglegt efni um íslensk stjórn mála og stjórnsýslu með það fyrir augum að auka við þekkingu og efla umræðu á þessu sviði. Í

desember 2005 kom síðan út fyrsta tölublað veftímaritsins og hefur það síðan verið gefið út tvisvar á ári á heimasíðu veftímaritsins. Allt efni er opið á netinu, en einu sinni á ári eru fræðigreinar hvers árgangs gefnar út í prentuðu formi.

Ljóst var að þetta yrði eitt af meginverkefnum stofnunarinnar ef vel tækist til við þróa starfsgrundvöll vefritsins, bæði faglega og fjárhagslega. Segja má að það hafi tekist. Vaxandi framboð er af fræðulegu efni í tímaritið og fjárhagsgrundvöllur þess hefur verið tryggður með öflun styrktaráskrifta.

Þess má og geta að fræðilegi hluti ritsins hefur verið metinn af rannsóknasviði HÍ og er niðurstaðan eftirfarandi:

„Samkvæmt mati Rannsóknasviðs H.Í. nær tímaritið 1. flokki sem er skilgreindur með eftirfarandi hætti: Fagleg ritstjórn, stífar formlegar kröfur, útarleg fræðileg ritrýni (mögulegt mat á greinum m.v. skala kjaranefndar 10 stig).”

Í þessu felst tiltekin viðurkenning á fræðilegu gildi og vinnubrögðum við tímaritið.

Ritstjórn

Almenn ritstjórn er í höndum Arnars Þórs Mátssonar, M.Sc. í stjórnmálafræði, Gunnars Helga Kristinssonar, Ph.D. í stjórnmálafræði, Margrétar S. Björnsdóttir, MA í félagsfræði og MPA og Ómars H. Kristmundssonar Ph.D. í stjórnsýslufræðum. Vefritstjóri er dr. Haukur Arnþórsson stjórnsýslufræðingur.

Ráðgefandi ritstjórn starfar og er hennar hlutverk einkum að ritrýna greinar, skrifa bókadóma og styðja hina almennu ritstjórn. Í henni sitja þau Auðunn Arnórsson, MA í sagnfræði og stjórnmálafræði, og D.E.E.A í Evrópufræðum, Baldur Þórhallsson, Ph.D. í stjórnmálafræði, Birgir Hermannsson, Dr.fil. í stjórnmálafræði, Brynhildur Ólafsdóttir, MA í stjórnmálafræði, Davíð Logi Sigurðsson, MA í írskum fræðum og – stjórnmálum, Eiríkur Bergmann Einarsson, Cand.Scient. Pol. og doktorsnemi við stjórnmálafræðiskor HÍ, Grétar Þór Eyþórsson, Ph.D. í stjórnmála- og stjórnsýslufræðum, Guðmundur Heiðar Frímansson, Ph.D. í siðfræði, Guðni Th. Jóhannesson, Ph.D. í sagnfræði, Gústaf Adolf Skúlason, M.Sc. í milliríkjasamskiptum, Halldór Grönvold, MA í vinnumarkaðsfræðum, Hanna Birna Kristjánsdóttir, MA í stjórnmálafræði, Hannes H. Gissurarson, D.Phil. í stjórnmálafræðum, Helga Jónsdóttir, cand. jur., Helgi Skúli Kjartansson, cand.mag. í sagnfræði, Indriði H. Indriðason, Ph.D. í stjórnmálafræði, Jóhann M. Hauksson, Ph.D. í stjórnmálafræði, Jóhanna Gunnlaugsdóttir PhD í upplýsingafræði, Magnús Pétursson, hagfræðingur, Ólafur Þór Gylfason, M.Sc. í aðferða- og tölfræði, Ólafur Þ. Harðarson, Ph.D. í stjórnmálafræði, Ólafur Ísleifsson, M.Sc. í hagfræði, Ólafur Þ. Stephensen, M.Sc. í alþjóðastjórnmálum, Óli Jón Jónsson, M.Sc. í evrópustjórnmálum, Ómar H. Kristmundsson, Ph.D. í stjórnsýslufræðum, Róbert Ragnarsson, MA í stjórnmálafræði, Silja Bára Ómarsdóttir, MA í alþjóðasamskiptum, Stefanía Óskarsdóttir Ph.D. í stjórnmálafræði, Steinunn Halldórsdóttir, EMPA í stjórnsýslufræðum, Svala Ísfeld Ólafsdóttir, cand. jur., diploma í afbrotufræði, BA í frönsku og MA í félagsfræði, Svanborg Sigmarsdóttir, MA í stjórnmálafræði, Svandís Nína Jónsdóttir, M.Sc. í stjórnmálafræði og doktorsnemi við stjórnmálafræðideild HÍ, Trausti Fannar Valsson, cand. jur. og Ph.D nemi og Þorsteinn Magnússon, Ph.D. í stjórnmálafræði.

Í 5. árgangi, 2009 birtust 16 fræðigreinar, þrjár almennar greinar og tólf bókadómar um bækur sem komu út á árinu 2009 og eru á sviði, stjórnmála, sagnfræði og samfélagsmála. Höfundar eru fræðimenn við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík, fagfólk úr íslenskri stjórnsýslu, meistara- og dr. nemar stjórnmálafræðideildar. Yfirlit yfir efni veftímaritsins Stjórnmál og stjórnsýsla er í Viðauka 3.

3.6 Félag stjórnsýslufræðinga

Að frumkvæði nemenda sem útskrifast höfðu úr MPA-námi stjórnmálafræðideildar var stofnað árið 2006, *Félag stjórnsýslufræðinga*.

Félagið er fagfélag háskólamenntaðs fólks á sviði stjórnsýslufræða (public administration). Félagið vill m.a. stuðla að eflingu og kynningu hagnýtrar menntunar og rannsókna í stjórnsýslufræðum og skyldum fræðigreinum, auk endurmenntunar og fræðslu fyrir félagsmenn.

Í stjórn félagsins á árinu 2009 sátu þau; Gissur Pétursson MPA formaður, Guðrún Þórey Gunnarsdóttir MPA varaformaður, Sveinbjörg Pálsdóttir MPA gjaldkeri, Eggert Ólafsson MPA félagaskráritari, Svavar Halldórsson MPA ritari, varamenn eru Guðfinna B. Kristjánsdóttir MPA og Hulda Arnljótsdóttir MPA.

Félagið starfar í nánnum tengslum við Stofnun stjórnsýslufræða og er forstöðumaður því innan handar eins og kostur er.

3.7 Erlent samstarf á árinu 2009

Mikilvægt er á hverjum tíma að veita, eins og kostur er, til Íslands alþjóðlegum straumum og stefnum í stjórnsýslu og stjórnámum. Við þetta er lögð töluverð rækt í Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnálafræðideild HÍ og eru þau aðilar að margvíslegu alþjóðlegu samstarfi.

Á hverju ári koma til landsins erlendir fyrirlesarar frá háskólum, úr stjórnsýslu og stjórnámum, sem halda opna fyrirlestra fyrir nemendur, kennara og fagfólk úr íslenskri stjórnsýslu og stjórnámum. Á árinu 2009 komu þannig fyrirlesarar frá Noregi, Þýskalandi, Svíþjóð, Danmörku og Bandaríkjunum og frá OECD í Frakklandi.

Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu erlendu samstarfsverkefni sem Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála á aðild að á árinu 2009:

Norrænt samstarfsnet NORIA-net, um eflingu rannsókna á rafrænni stjórnsýslu: *The Citizens' Services - Turning public-private outside-in, 2007-2009*

Á árinu 2007 hófst samstarf norrænna og balteskra aðila um þróun sameiginlegra rannsóknaverkefna og – styrkja á sviði rafrænnar stjórnsýslu. Fyrir Íslands hönd taka þar þátt Stofnun stjórnsýslufræða og Rannsóknáþjónusta HÍ, með stuðningi og í umboði Rannís.

